



Félagsmálaráðuneyti

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfæðingafélags Íslands (VFÍ) um Frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, birt á Samráðsgátt stjórnvalda 15. júlí 2019.

Með frumvarpinu er lagt til að Íbúðalánasjóður og Mannvirkjastofnun verði lagðar niður og nýrri stofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verði falið að annast framkvæmd húsnæðis- og mannvirkjamála. Við svo veigamiklar breytingar á mikilvægri starfsemi vill Verkfæðingafélag Íslands koma eftirfarandi á framfæri.

Verkfæðingafélag Íslands telur mikilvægt og eðlilegt að staða forstjóra nýrrar stofnunar verði auglýst. Jafnframt að haft verði að leiðarljósi að viðkomandi hafi tæknilega og faglega þekkingu á sviði mannvirkjagerðar. Mikilvægt er að einstaklingur sem á meðal annars að leiða uppbyggingu, eftirlit og nýsköpun á húsnæðismarkaði hafi tæknimenntun, trausta fagþekkingu og reynslu.

Miðað við áherslur í kynningu á frumvarpinu telur VFÍ ákveðna hættu á að fagleg þekking og aðhald hvað varðar gæði innan byggingariðnaðarins muni verða sett í annað sæti í hinni nýju stofnun. Í því sambandi vill félagið benda á að í frumvarpinu er mjög lauslega tekið á framlögum ríkisins til byggingarrannsókna og mikilvægi þeirra. Virðist áherslan vera á markaðsrannsóknir en ekki rannsóknir á til dæmis byggingargöllum og öðrum þáttum sem stuðlað gætu að meiri gæðum og betri vinnubrögðum í íslenskum byggingariðnaði.

Reykjavík, 13. ágúst 2019.

Fyrir hönd stjórnar Verkfæðingafélags Íslands.

Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ.